

Bakpoki



Bakpoki

Verkefnið er ætlað 4. bekk og tekur fimm til sex kennslustundir.

Gott er að lesa kennsluleiðbeiningar með nemendum og sýna þeim viðeigandi áhöld áður en byrjað er. Þá geta sjálfstæðari nemendur hafist handa við vinnuna meðan kennarinn aðstoðar þá getuminni.

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- noti útsaum/vélsaum til skreytinga

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:42)

Efni og áhöld


- Gott er að nota efni sem er ekki of þunnt t.d. flauel, rífflað flauel, þykkt bómullarefni o.s.frv.
- Reimar.
- Ullarfilt, perlur, tölur, útsaumsgarn og annað skreytiefni sem til fellur.
- Efnisþörf í barnabakpoka er u.þ.b. 30 cm x 80 cm og í bakpoka fyrir fullorðna er u.þ.b. 40 cm x 100 cm.
- Skæri, títuprjónar, málband, saumavél.

Vinnulýsing

Barnapoki fyrir 2–4 ára er 25 cm á breidd og 70 cm á lengd.
Bakpoki fyrir fullorðna er 35 cm á breidd og 90 cm á lengd.

Klippið út rétta stærð af efni.
Reimarnar eru tvær.

Í barnapokann þarf 2x110 cm,
í fullorðinspoka þarf 2x160 cm.
Allar hliðar eru sikk-sakkaðar áður en skreytt er.



Skreytið pokann. Teiknið snið og klippið út, sniðugt er að nota ullarfilt/flís eða annað efni sem raknar ekki. Notið tvinna og/eða útsaumsgarn, tölur, perlur og reimar eftir því sem við á.




Brjótið efnið saman til helminga til að finna miðjuna.

Takið endana á reimunum saman og setjið við botn pokans, við miðjuna. Festið með títuprjónum.

Nælið hliðarnar saman með títuprjónum og skiljið u.þ.b. 4 cm eftir efst á pokanum.

Saumið hliðarnar með beinum saumi. Passið að reimarnar séu inni í pokanum þegar saumað er.





Setjið lykkjurnar á böndunum yfir báðum megin.

Brjótið niður af opinu og festið með títuprjónum.
Saumið hliðarnar hvora í sínu lagi.

Athugið að ekki er hægt að sauma allan hringinn.

Passið að sauma ekki í böndin.



Snúið bakpokanum við og þá er hann tilbúinn til notkunar.

